



EFTIRLITSSKÝRSLA

URÐUNARSTAÐUR HORNFIÐINGA Í LÓNÍ

Dagsetning: 26. ágúst 2013

Starfsemi Sorpurðun

Fyrirtæki Sorpurðunarsvæði Hornafjarðar
á Mel í landi Fjarðar í Lóni, 781 Hornafjörður í
Lóni

Fulltrúi HAUST f.h. UST: Helga Hreinsdóttir

Starfsleyfi, gildir til 6. nóvember 2028

Heimilisfang starfsleyfishafa: Hafnarbraut 27,
780 Höfn

Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit

Kennitala 590169-4639

Fulltrúar fyrirtækis

Birgir Árnason

Isat nr.

Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfi fyrir starfsemina og fer með beitingu þvingunarúrræða en hefur falið HAUST að viðhafa eftirlit með starfseminni með sérstökum samningi þar um.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Allmörg frávik frá starfsleyfi eru skráð. Frávikin lúta að frágangi á urðunarstaðnum til að hindra fok og að fé og fugl laðist að staðnum. Einnig eru nokkur atriði útistandandi til að uppfylli ákvæði nýs starfsleyfis, bæði stjórnsýsluleg og hvað varðar hliðarþéttingu urðunarreina.

UMFANG EFTIRLITS

Gengið var um urðunarstaðinn og verklag við urðun skoðað. Einnig var farið vel yfir þær framkvæmdir sem eru í gangi við útbúnað hreinsivirkis fyrir sigvatn og nýja urðunargryfju.

Á fundi með Hjalta Vignissyni, bæjarstjóra, og Birgi Árnasyni, yfirmanni í áhaldahúsi, var rætt um sýnatökur, hliðarþéttingar o.fl. auk þess sem farið var yfir starfsleyfið.

FRÁVIK OG ATHUGASEMDIR

Frávik 1

Neyðaráætlun hefur ekki verið lögð fram

Frávik frá gr. 1.7 í starfsleyfi þar sem segir að útúa skuli neyðaáætlun og að pentað eintak skuli vera aðgengilegt eftirlitsaðila ekki síðar en 1. janúar 2013.

Frávik 2

Ummerki eru um að fé komist inn á urðunarstaðinn.

Frávik frá gr. 2.1 í starfsleyfi þar sem m.a. segir aðgangur að urðunarstaðnum skuli vera takmarkaður og svæði girt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna.

Í samtali við forsvarsmenn urðunarstaðarins kom fram að girðing um svæðið yrði endurnýjuð og lagfærð áður en fé verður rekið á fjall vorið 2014. Þá eru líka áform um að hlaða undir girðinguna í skorningum, þar sem mestar líkur eru á að fé komist undir girðingar.

Frávik 3

Laust efni er á nokkrum stöðum um svæðið, bæði grófur úrgangur og heimilisúrgangur. Af hvoru tveggja er fohætta.

Frávik frá gr. 2.1 í starfsleyfi þar sem m.a. segir að fara skuli þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði svo sem foki úrgangefna, ryki, ólykt eða hávaða.

Frávik 4

Rekstaraðili hefur ekki sett starfseminni umhverfismarkmið.

Frávik frá gr. 2.3 í starfsleyfi

Frávik 5

Hliðar urðunarreina hafa ekki verið klæddar með viðurkenndum dúkum.

Frávik frá gr. 3.2 í starfsleyfi þar sem segir að hliðar urðunarreina skuli klæða með viðurkenndum dúk með lágan lektarstuðul.

Í samtali við bæjarstjóra kom fram að upplýsingar um kostnað við slíkan dúk liggja nú fyrir og að taka þurfi ákvörðum um kaup á honum.

Frávik 6

Haugur af grófu salti var á urðunarstaðnum og í honum allmikið af fiskúrgangi. Greinileg ummerki eru um að vargfugl dragi fiskinn úr saltinu.

Frávik frá gr. 4.3 þar sem segir að úrgangur skuli birgður samdægur til að koma í veg fyrir fok, ólykt og aðgang meindýra.

Athugasemd 1

Við skoðun voru starfsmenn á vettvangi ekki með eintak af starfsleyfi urðunarstaðarins. Tengilið HAUST hefur verið sendur hlekkur á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem starfsleyfið er að finna og því treyst að hann afhendi þeim sem leyfið eiga að hafa.

Eftirlitsmælingar, þ.e. rennsli sigvatns hefur ekki verið mælt mánaðarlega eins og fram kemur í gr. 5.2 að gera skuli. Skv. fulltrúa rekstaraðila verður leitað tæknilegra leiða til að gera þetta, væntanlega við innrás í rotþró.

Önnur atriði

Söfnun á hauggasi er í biðstöðu þar sem hjá Umhverfisstofnun er til skoðunar að veita undanþágur frá kröfum þar um.

Sigvatn er nú leitt um litla rotþró og siturlagnir. Ekki er að fullu búið að ganga frá hreinsivirkjum, en vinna þar við er í gangi.

Sá hluti urðunarstaðarins sem kominn er í rétta hæð er snyrtilega frá genginn.

Unnið er að gerð stórrar nýrrar urðunarreinar og þegar búið að leggja botnrás í hana.

12. október 2013



Helga Hreinsdóttir, heilbrigðisfulltrúi, HAUST